

Aðalfundur FUM 14. mars, 2016

Fundargerð

Aðalfundur FUM, Félags um menntarannsóknir, var haldinn föstudaginn 14. mars 2016, í húsakynnum Menntavísindasviðs HÍ kl. 12:00-13:00. Viðstaddir voru: Allyson Macdonald, Amalía Björnsdóttir, Anna Kristín Sigurðardóttir, Annadís G. Rúdólfsdóttir, Ásrímur Angantýsson, Auður Pálsdóttir, Brynja Halldórsdóttir, Börkur Hansen, Elsa Eiríksdóttir, Guðný Helga Gunnarsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Hafdís Guðjónsdóttir, Jónína Vala Kristinsdóttir, Sigurjón Mýrdal, Sólveig Jakobsdóttir, Steinunn Helga Lárusdóttir, Svava Pétursdóttir, Þorlákur Axel Jónsson (gegnum fjarfundabúnað á Akureyri) og Puríður Jóhannsdóttir.

Formaður, Amalía Björnsdóttir, setti fundinn og gekk til dagskrár samkvæmt ákvæðum um aðalfundi í lögum félagsins:

1. Fundargerð síðasta fundar
 - a. Fundargerð Aðalfundar 2015 samþykkt samhljóða.
2. Skýrsla stjórnar
 - a. Formaður stjórnar fór yfir dagskrá fundarins.
 - b. Næst las hann skýrslu stjórnar um starfsemi FUM á árinu 2015 – sjá skýrslu formanns í viðauka A við fundargerðina. Stuttar umræður urðu um skýrsluna, einkum tímaritið og framtíð þess. Voru fundarmenn sammála um að stefna bæri að vefrænni útgáfu hins nýja tímarits og hætta að prenta það. Skýrslan samþykkt samhljóða.
3. Reikningar félagsins
 - a. Guðný Helga Gunnarsdóttir gjaldkeri gerði grein fyrir reikningum félagsins 2015. Fór hún í gengum reikningana og koma fram að félagið átti í rúma hálfa milljón í sjóði um áramót. Síðan hefðu verið greiddir ýmsir reikningar og í dag ætti félagið um kr. 250 þúsund á bók. Skýrsla gjaldkera um reikninga félagsins samþykkt samhljóða.
4. Ákvörðun félagsgjalda
 - a. Tillaga formanns um að félagsgjöldin yrðu kr. 2500.- samþykkt samhljóða.
5. Stjórnarkjör
 - a. Ný stjórn Fum: Amalía Björnsdóttir formaður, Annadís G. Rúdólfsdóttir, Guðrún Ragnarsdóttir, Elsa Eiríksdóttir, Sólveig Jakobsdóttir og Þorlákur Axel Jónsson. Samþykkt samhljóða.

þeim Berki Hansen, Guðnýju Helgu Gunnarsdóttur, Hafdísí Guðjónsdóttur sem ganga út stjórn var þakkað fyrir vel unnin störf.

- b. Varamenn: 1. Varamaður: Ásgrímur Angantýsson ; 2. Varamaður: Auður Pálsdóttir. Samþykkt samhljóða.

6. Kosning tveggja skoðunarmana reikninga

- a. Ingólfur Ásgeir Jóhannesson og Guðný Helga Gunnarsdóttir. Samþykkt samhljóða.

7. Önnur mál

- a. Formaður gerði grein fyrir fyrirhugaðri ráðstefnu FUM í samstarfi við SERA (skosku samtökin um menntarannsóknir) 12.-13. maí.

Fundi slitið um kl. 13:00

Fundarritari – Börkur Hansen

Viðauki A:

Félag um menntarannsóknir

Ársskýrsla 2015

Stjórn

Í stjórn Félags um menntarannsóknir eru:

Amalía Björnsdóttir, dósent Menntavísindasviði HÍ, formaður,
Börkur Hansen prófessor við Menntavísindasvið HÍ, ritari,
Guðný Helga Gunnarsdóttir lektor við Menntavísindasvið HÍ, gjaldkeri,
Elsa Eiríksdóttir lektor við Menntavísindasvið HÍ meðstjórnandi,
Hafdís Guðjónsdóttir prófessor við Menntavísindasvið HÍ, meðstjórnandi,
Þorlákur Axel Jónsson aðjúnkt við kennaradeild HA, meðstjórnandi.

Varamenn eru Auður Pálsdóttir og Ásgrímur Angantýsson bæði lektorar við Menntavísindasvið HÍ.

Skoðunarmenn reikinga Ingólfur Ásgeir Jóhannesson prófessor og Meyvant Þórólfsson dósent báðir við Menntavísindasviði HÍ.

Félagsmenn eru 273.

Markmið félagsins samkvæmt lögum eru þessi:

Að efla rannsóknir og þróunarstarf á sviði menntunar á Íslandi með því að:

- skapa vettvang fyrir faglega umræðu um rannsóknir og þróunarstarf
- stuðla að útbreiðslu þekkingar á rannsóknum og þróunarstarfi
- efla tengsl og samstarf félaganna
- stuðla að samvinnu við samtök og stofnanir sem sinna uppeldis- og menntamálum hér á landi og erlendis
- efla þekkingu og færni félagsmanna til að leggja stund á rannsóknir á menntamálum skapa vettvang fyrir þverfaglegar rannsóknir.

Heima- og Fésbókarsíða félagsins

Formaður hefur uppfært Fésbókarsíðu félagsins og aðeins unnið í heimasíðu en þar þarf að taka til hendinni. Ný stjórn félagsins þarf að marka sér stefnu um hvernig best sé að standa að heimasíðu og Fésbókarsíðu og æskilegt að hafa eins einfalt form á þessum síðu og hægt er.

Póstlisti og tölvupóstföng

Ekki er til póstlisti fyrir félagsmenn en formaður hefur sent tölvupóst á þau netföng sem eru á skrá. Ljóst er þó að eitthvað af þeim póstföngum eru óvirk.

Íðorðasafn

Guðrún Geirsdóttir lét af störfum í íðorðanefnd sem félagið hefur staðið að í samstarfi við Menntavísindasvið HÍ. Guðrúnu eru þökkun vel unnin störf. Gerður G Óskarsdóttur mun sitja áfram í íðorðanefnd fyrir hönd FUM en auk hennar hefur Ragnhildur Bjarnadóttir tekið sæti í nefndinni fyrir hönd félagsins.

Drög að íðorðasafni sem nefndin hefur unnið að má finna á heimasíðu FUM og á Fésbókarsíðu. Drögin voru einnig send félagsmönnum í tölvupósti.

Tímarit FUM

Samkvæmt ályktun síðasta aðalfundar var ákveðið að hefja viðræður um sameiningu tímarits FUM og Uppeldis og menntunar. Á haustdögum 2015 undirrituðu síðan formaður FUM og sviðforseti Menntavísindasviðs samkomulag um sameiningu tímaritanna. Nýja tímaritið fékk nafnið Tímarit um uppeldi og menntun. FUM skipar annan af ritstjórum tímaritsins og greiðir honum þóknun. Auk þess tilefnir FUM tvo einstaklinga í ritnefnd. Allur kostnaður annar en þóknun ritstjóra er greiddur af Menntavísindasviði og sviðið fær áskriftargjöldin. Nauðsynlegt er að skoða vel fjárhag tímaritsins þegar samningur rennur út. Hermína Gunnþórsdóttir lektor við HA verður ritstjóri fyrir hönd FUM og í ritnefnd sitja fyrir hönd félagsins prófessorarnir Erlingur Jóhannsson HÍ og Guðmundur Heiðar Frímansson HA.

Þegar ný stjórn tók við var tímarit ársins 2014 ekki komið úr prentun. Erfiðlega hafði gengið að gera upp við Háskólaútgáfuna. Eftir nokkra fundi og eftir að hafði verið greitt inn á skuld félagsins við útgáfuna kom tímaritið úr prentun og sá stjórnin um dreifingu þess. Í lok ársins fékkst síðan niðurstaða í reikninga félagsins við Háskólaútgáfuna. Útgáfan féllst á að leiðrétta oftekinn kostnað og loks barst yfirlit yfir útistandi greiðsluseðla allt frá árinu 2010. Gjaldkeri FUM hefur nú greitt síðustu greiðslu til Háskólaútgáfunnar.

Unnið er að því að koma TUM á tímarit.is. Nú þegar eru árgangar 2-6 komnir á netið. Þetta er félaginu að kostnaðarlausu ef til eru góðar pdf skrár af tímaritinu.

Kynning á félaginu á Menntakviku

Félagið var með borð á Menntakviku ráðstefnu Menntasviðs HÍ haustið 2015. Seld voru gömul eintök af tímaritinu og fólk gat skráð sig í félagið. Tókst þessi kynning með ágætum.

Ráðstefna

Unnið er að undirbúningi ráðstefnu sem haldin verður í maí. Búist er við þátttöku félaga í SERA skosku menntasamtökunum.

Fyrir hönd stjórnar

Amalía Björnsdóttir